

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 246/2003**2005/EES/27/45**

frá 10. febrúar 2003

um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2004 til 2006 fyrir vinnumarkaðskönnunina sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2104/2002 ⁽²⁾, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 577/98 er nauðsynlegt að tilgreina þætti áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2004 til 2006.
- 2) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin þarfnast sérstakra hagskýrslna til að geta þróað víðeigandi ráðstafanir á sviði nútímavæðingar vinnuskipulags ⁽³⁾, samþættingar vinnu og fjölskyldulífs ⁽⁴⁾ og virkrar öldrunar ⁽⁵⁾.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Áætlun um sérstakar einingar fyrir vinnumarkaðskönnunina fyrir tímabilið 2004 til 2006, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum, er hér með samþykkt.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 34, 11.2.2003, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2003 frá 11. júlí 2003 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 23.10.2003, bls. 10.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 324, 29.11.2002, bls. 14.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 60, 1.3.2002, bls. 67.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 218, 31.7.2000, bls. 5.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 60, 1.3.2002, bls. 64.

VIÐAUKI

VINNUMARKADSKÖNNUN

ÆTLUN TIL MARGRA ÁRA UM SÉRSTAKAR EININGAR

1. Vinnuskipulag og tilhögun vinnutíma

Skrá yfir breytur: skal skilgreind eigi síðar en í mars 2003.

Viðmiðunartímabil: annar ársfjórðungur ársins 2004. Þó er aðildarríkjunum heimilt að leggja fram gögn þar sem vísað er til allra 52 vikna ársins þegar undirúrtak fyrir sérstöku einingarnar er valið á grundvelli bylgjumynsturs úrtaksins.

Hlutaðeigandi aðildarríki og svæði: hafa enn ekki verið skilgreind.

Úrtak: einn fjórði hluti heildarúrtaksins sem er nauðsynlegt til að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98. Þegar viðmiðunartímabilið er 52 vikur skal stærð úrtaksins þó vera a.m.k. 15% af heildarúrtakinu sem er nauðsynlegt til að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98. Ef eining úrtaksins er einstaklingur er ekki krafist gagna um aðra heimilismenn.

Afhending niðurstaðna: eigi síðar en 31. mars 2005.

2. Samþætting vinnu og fjölskyldulífs

Skrá yfir breytur: skal skilgreind eigi síðar en í mars 2004.

Viðmiðunartímabil: annar ársfjórðungur ársins 2005. Þó er aðildarríkjunum heimilt að leggja fram gögn þar sem vísað er til allra 52 vikna ársins þegar undirúrtak fyrir sérstöku einingarnar er valið á grundvelli bylgjumynsturs úrtaksins.

Hlutaðeigandi aðildarríki og svæði: hafa enn ekki verið skilgreind.

Úrtak: einn fjórði hluti heildarúrtaksins sem er nauðsynlegt til að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98. Þegar viðmiðunartímabilið er 52 vikur skal stærð úrtaksins þó vera a.m.k. 15% af heildarúrtakinu sem nauðsynlegt er til að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98. Ef eining úrtaksins er einstaklingur er ekki krafist gagna um aðra heimilismenn.

Afhending niðurstaðna: eigi síðar en 31. mars 2006.

3. Umskiptin frá vinnu til starfsloka

Skrá yfir breytur: skal skilgreind eigi síðar en í mars 2005.

Viðmiðunartímabil: annar ársfjórðungur ársins 2006. Þó er aðildarríkjunum heimilt að leggja fram gögn þar sem vísað er til allra 52 vikna ársins þegar undirúrtak fyrir sérstöku einingarnar er valið á grundvelli bylgjumynsturs úrtaksins.

Hlutaðeigandi aðildarríki og svæði: hafa enn ekki verið skilgreind.

Úrtak: einn fjórði hluti úrtaksins sem er nauðsynlegt til að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98. Úrtakið fyrir þessa einingu nær einungis til einstaklinga á aldrinum 50 til 74 ára. Þegar viðmiðunartímabilið er 52 vikur skal stærð úrtaksins þó vera a.m.k. 15% af úrtakinu sem nauðsynlegt er til að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98. Ef eining úrtaksins er einstaklingur er ekki krafist gagna um aðra heimilismenn.

Afhending niðurstaðna: eigi síðar en 31. mars 2007.